



# Verktakatrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. EV50

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EV50.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður
3. Ábyrgðartími
4. Vátryggingin gildir
5. Bótasvið
6. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
7. Varúðarreglur
8. Brot á varúðarreglum
9. Tilkyrningarskylda á vátryggingartímanum
10. Samsömun
11. Greiðsla iðgjalds
12. Vátryggingarfjárhæð
13. Eigin áhætta
14. Undirtrygging
15. Ákvörðun bóta
16. Framsal
17. Tvítrygging
18. Lok vátryggingar
19. Fyrning

### 1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggðir hagsmunir koma fram í vátryggingar-skírteini.

### 2. Vátryggður

Vátryggingartaki er vátryggður.

### 3. Ábyrgðartími

- 3.1 Ábyrgð félagsins hefst þegar vátryggðum hlutum er komið á vátryggingarstað eða hið vátryggða verk hefst, hvort sem fyrr verður.
- 3.2 Ábyrgð félagsins á hverjum hluta verksins lýkur þegar hann hefur verið tekinn í notkun, afhentur eða prófaður, eða eftir því sem fram kemur í vátryggingarskírteininu, hvað af þessu sem fyrst verður.

### 4. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini.

### 5. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 5.1 Skyndilegt og ófyrirsjáanlegt tjón á hinu vátryggða við framkvæmd verksins á vátryggingarstaðnum.
- 5.2 Kostnað vegna hreinsunaraðgerða eftir bótaskyld tjón ef það kemur fram í vátryggingarskírteini.
- 5.3 Vélar og tæki vátryggðs, búnað hans, svo sem vinnupalla, verkfæri, vinnuskúra og önnur verðmæti á vátryggingarstað ef það kemur fram í vátryggingarskírteini.

Vátryggingin bætir ekki:

- 5.4 Tjón sem stafa af rangri, gallaðri eða ófullkominni hönnun, áætlunum og/eða útreikningum.
- 5.5 Tjón sem stafa af röngu eða gölluðu efni og/eða vinnubrögðum. Þegar um mannvirkjagerð aðra en uppsetningu véla er að ræða er þó bætt munatjón sem verður á öðrum hluta mannvirkisins og er afleiðing af fyrsta tjóni.
- 5.6 Venjulegt og eðlilegt viðhald.
- 5.7 Óbein eða afleidd tjón af hvaða orsökum sem er.
- 5.8 Tjón á peningum, skjölum, reikningum, teikningum, uppdráttum, frímerkjum, verðbréfum, tryggingaskjölum, kvittunum, skuldaviðurkenningum, ávísunum eða umbúðum, svo sem kössum eða boxum.
- 5.9 Vöntun eða rýrnun á hinu vátryggða sem kemur fram við birgðatalningu eða reikningsuppgjör.
- 5.10 Tjón sem stafa af sliti, rýrnun, tæringu, ryðmyndun eða öðrum eðlilegum umhverfisáhrifum.
- 5.11 Tjón á hvötum, kemískum efnum, á eldföstum efnum í ofnum og öðrum slíkum klæðningum þegar útbúnaður er tekinn í notkun og/eða prófaður á ábyrgðartímanum, nema slíkt tjón sé bein afleiðing af tjóni sem vátryggingin tekur til.



- 5.12 Tjón sem verða vegna seinkunar verks, þ.m.t. samningsbundnar dagsektir eða vegna þess að verktaki hefur ekki staðið við skyldur sínar.
- 5.13 Kostnað vegna hreinsunar úrgangs- eða eiturefna í umhverfi eða jarðvegi vegna bótaskylds tjóns-atburðar.
- 5.14 Tjón vegna lögnáms, þjóðnýtingar eða vegna fyrirmæla löglegra yfirvalda.
- 5.15 Tjón sem ábyrgðartrygging tekur til ef umfang vátryggingartaka svarar fleiri en fimm ársverkum.
- 5.16 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra, hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

Undanþága þessi nær ekki til tjóns sem stafar af bruna, sprengingu, hrapi, innbroti, þjófnaði eða vatnsskaða.

## 6. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 6.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 6.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 6.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

## 7. Varúðarreglur

- 7.1 Vátryggðum og starfsmönnum hans er skylt að gæta þess að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir sem hafa kunnáttu til að stjórna slíkum tækjum og lögskilin réttindi þar sem þeirra er krafist.
- 7.2 Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðenda hvað varðar meðhöndlun, notkun og viðhald hins vátryggða.
- 7.3 Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður og framkvæmdir á vátryggingarstað séu í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

## 8. Brot á varúðarreglum

Skyllt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 9. Tilkynningarskylda á vátryggingartímanum

Verði hlé á verki sem líklegt er að vari lengur en einn mánuð og ekki var gert ráð fyrir við upphaf vátryggingarinnar skal vátryggður án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu skriflega um það. Fer þá um framhald vátryggingarinnar eftir því sem um verður samið.

## 10. Samsömun

Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs, og umsjónarmanna véla, tækja og búnaðar og þeirra sem bera ábyrgð á þeim verklegu framkvæmdum sem vátryggðar eru.

## 11. Greiðsla iðgjalds

- 11.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 11.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 12. Vátryggingarfjárhæð

- 12.1 Vátryggingarfjárhæðir skulu tilgreindar í vátrygging-arskírteini sem hér segir:
  - 12.1.1 Áætlað endanlegt kostnaðarverð verksins, þ.m.t. efni, flutningsgjald, tollar og önnur gjöld og kostnaður við mannvirkið, ásamt verðmæti þess sem lagt er til af verkkaupa.



12.1.2 Hreinsunaraðgerðir eftir tjón: Ákveðin fjárhæð í hverju tjóni.

12.1.3 Önnur verðmæti á vátryggingarstað: Heildarhámark bóta á vátryggingartímanum.

12.1.4 Vélar og tæki verktaka: Endurkaupsverð nýrra véla og tækja (nývirði) kominna á vátryggingarstað.

12.1.5 Búnaður verktaka, s.s. vinnupallar, verkfæri, vinnu-skúrar o.p.h., raunvirði.

12.1.6 Þóknun arkitekta, umsjónarmanna og ráðgefandi verkfræðinga: Ákveðin bótafjárhæð vegna kostnaðar sem vátryggður bakar sér, með samþykki félagsins, við enduröflun eða viðgerð hins vátryggða sem hefur eyðilagst eða skemmst af völdum áhættu þeirrar sem vátryggt er gegn. Ekki er greiddur kostnaður við undirbúning bótakröfu.

12.2 Vátryggðum er skylt að:

12.2.1 Láta félagið vita ef breyting verður á vátryggingarfjárhæð á vátryggingartímanum sem nemur 10% til hækkunar eða lækkunar á nafnvirði verðmætisins sem er vátryggt. Iðgjald miðast við vátryggingarfjárhæðina og skal leiðrétta við hækkun eða lækkun á henni.

12.2.2 Skýra frá endanlegu kostnaðarverði verksins er því lýkur.

12.3 Vátryggingarfjárhæðin lækkar ekki þótt bætur séu greiddar úr vátryggingu þessari, en vátryggingartaki skal greiða viðbótariðgjald sem miðað er við bótafjárhæðina frá tjónsdegi til loka vátryggingar-tímabilsins.

### 13. Eigin áhætta

13.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini.

13.2 Ef fleiri en eitt tjón verða á sama tíma vegna óskyldra atvika dregst eigin áhætta vátryggðs frá í hverju tjóni.

### 14. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins vátryggða meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega. Þetta á við um hvern og einn lið vátryggingarfjárhæðarinnar.

### 15. Ákvörðun bóta

15.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.

15.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðar-kostnað eða látið gera við það sem

skemmdist og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

15.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu, ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.

15.4 Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir vátryggingaratburð og verðmæti eftir vátryggingar-atburð.

15.5 Félagið greiðir ekki sérstakan kostnað sem stofnað er til vegna tjónsatburðar, svo sem vegna yfirvinnu, hraðsendinga og flugfraktar, nema það sé sérstaklega tekið fram í vátryggingarskírteininu.

15.6 Félagið greiðir ekki kostnað við viðhald, breytingar, viðbætur eða endurbætur sem framkvæmdar eru samtímis viðgerðinni.

15.7 Vátryggður skal ekki hagnast á vátryggingaratburði. Vátryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón vátryggðs.

### 16. Framsal

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

### 17. Tvítrygging

17.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.

17.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 17.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

### 18. Lok vátryggingar

18.1 Vátryggingu þessari lýkur ef verkkaupi riftir verksamningi eða aðalverktaki hættir við verkið, nema félagið samþykki áframhald hennar. Félagið endurgreiðir iðgjaldið með hliðsjón af þeim tíma sem liðinn er af vátryggingartímabilinu.

18.2 Vátryggingartímabilið samkvæmt vátryggingarskírteininu framlengist ekki nema það sé skriflega samþykkt af félaginu.



## 19. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist

þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaraburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.